



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

LYFLÆKNINGASVIÐ I

Brennsluaðgerð vegna gáttatífs



Hér á eftir fara upplýsingar fyrir þá sem eru að fara í brennslu vegna gáttatifs. Við vonum að upplýsingarnar geti orðið að gagni og gert veru þína á spítalanum þægilegri. Ef eitthvað er óljóst eða ef frekari spurningar vakna er alltaf hægt að leita til hjúkrunarfræðinga og lækna á deildinni.


Gáttatíf er algengasta hjartsláttartruflunin. Hjartsláttur er þá óreglulegur og stundum mjög hraður. Einkennin eru einnig þungur hjartsláttur, mæði og minnkað þrek. Komið hefur í ljós við rannsóknir að tíð aukaslög sem koma frá mótum lungnabláæða og vinstri gáttar koma í flestum tilfellum af stað gáttatífi og viðhalda því.

Framkvæmd brennslunnar

Brennslan er gerð á hjartaþræðingastofu spítalans og tekur þrjár til fjórar klukkustundir.

Við undirbúning fyrir brennsluna er settur deyfiplástur í hægri nára og vinstri olnbogabót til að minnka sársauka við stungur. Leiðslur eru síðan þræddar inn á þessum stöðum og leiddar eftir æðakerfinu að hjartanu.

Brennt er eða hitað kringum lungnabláæðarnar og þannig rofin rafleiðni milli þeirra og gáttar.



Til þess að komast inn í vinstri gátt er farið í gegnum gáttarskilrúmið (septum). Stungið er á gáttarskilrúminu með þar til gerðri nál og slíður fært yfir í vinstri gátt. Sveigjanlegur rafskautsleggur er þræddur til hjartans. Á enda hans er nemi og þannig er hægt að fylgjast með rafboðum innan hjartans.

Undirbúningur

Fjórum vikum fyrir aðgerð er inntaka á blóðþynningartöflum skipulögð svo að blóðgildið (INR) verði 2,5–3,0. Þetta er í samráði við innköllunarstjóra, eftir fyrirmælum hjartasérfræðings og tekna eru blóðprufur reglulega. Þetta er gert til að tryggja að blóðþynningin sé í lagi og að henni sé fylgt eftir fram að aðgerð.

Tveimur dögum fyrir brennslu er síðasta blóðprufan tekin og hætt að taka blóðþynningartöflur. INR-gildið á að haldast hærra en 2,0 fram að brennslunni til að minnka áhættuna á blóðtappamyndun fyrir og eftir aðgerðina. Blóðþynningarsprautu er oft gefin þegar hætt er að taka lyfið í töfluformi.

Fyrir brennsluna þarf að gera ómun af hjartanu í gegnum vélindað. Þá er fingerð slanga sett niður í vélindað og er róandi lyf gefið fyrir rannsóknina. Þessi rannsókn er gerð til að ganga úr skugga um að enginn blóðsegi leynist í gáttinni. Þú þarft að fasta frá miðnætti fyrir þessa rannsókn og færð nánari upplýsingar um það. Fyrir brennslu vegna gáttatífs þarf einnig að gera segulómun af hjarta til að athuga staðsetningu og fjölda lungnabláæða.

Lyf eins og Tambocor, Sotacor, Cordarone, Isoptin eða Verapamil á að halda áfram að taka fram að brennslunni í samráði við innköllunarstjóra eftir fyrirmælum hjartasérfræðings. Ef eitthvað er óljóst er hægt að hafa samband við innköllunarstjóra í síma 543-6422 eða hjartadeild 14G í síma 543-6420.

Innskriftarmiðstöð: Undirbúningur

- Hafðu lyfjakortið þitt meðferðis á innskriftarmiðstöð.
- Blóðprufur (má ekki taka úr vinstri olnbogabót).
- Röntgenmynd af lungum og hjartalínurit.
- Viðtal við hjúkrunarfræðing og lækni.
- Mæling á blóðþrýstingi og púls.
- Raka þarf hægri nára.
- Morgunþvag; koma að heiman með fyrsta morgunþvag (miðbuna) á innskriftarmiðstöð. Hægt er að kaupa þvagglas í apóteki.

Aðgerðardagur á hjartadeild 14G

- Þú mætir á hjartadeild 14G að morgni (nánari tímasetning hjá innskriftar-miðstöð) og mátt búast við því að liggja inni í 2-3 sólarhringa.
- Þú fastar frá miðnætti, mátt hvorki drekka né borða.
- Þú ferð í sturtu að morgni aðgerðardags.
- Þú tekur þín föstu morgunlyf nema Hjartamagnyl ef þú ert á slíku.
- Blóðþrýstingur og puls er mældur.
- Æðaleggur er settur í hægri hönd/handlegg.
- Rakaða húðsvæðið er sótthreinsað fyrir aðgerðina.
- Fyrir aðgerð er deyfandi plástur (EMLA) settur í hægri nára og vinstri olnbogabót og þú færð tvær verkjatöflur.
- Ekki bera hálsmen.
- Verðmæti þarf að skilja eftir heima eða láta geyma þau á deildinni.
- Þú ferð í rúmi á hjartaþræðingastofu.

Að lokinni brennslu

- Eftir brennsluna eru leiðslurnar fjarlægðar frá nára. Þrýst er á stungustaðinn til að stöðva blæðingu. Sandpoki er settur yfir stungustaðinn í tvær klukkustundir og þú þarft að liggja næstu 4 klukkustundir á bakinu.
- Þú mátt drekka og borða þegar áhrif slævandi lyfja dvína.
- Þú ert sett/ur í hjartarafsjá (monitor) og ört er fylgst með blóðþrýstingnum næstu 2 klukkustundir.
- Blóðþynningarsprautu er gefin undir húð að kvöldi aðgerðardags og tvisvar sinnum á dag þar til blóðgildið fyrir blóðþynningu (INR) er meira en 2.
- Skipt er um umbúðir í nára og olnbogabót að kvöldi.
- Þú byrjar að taka blóðþynningartöflur daginn eftir brennsluna.

Oft þarf að fá blóðþynningarsprautur í nokkra daga eftir að heim er komið. Hægt er að fá hjúkrunarfræðing (sjúkrahústengd heimaþjónusta sjá lsh.is) heim til að gefa þær í samráði við hjúkrunarfræðing á hjartadeildinni 14G. Þessar sprautur verður þú að greiða fyrir eftir útskrift. Þú færð lyfseðil fyrir blóðþynningarlyfinu sem síðan er leystur út í apóteki Landspítala við Hringbraut.

Daginn eftir brennslu

- Tekin er blóðprufa, hjartalínurit og hjartaómun.
- Óhætt er að fara í sturtu daginn eftir og ráðlegt er að þú farir þér hægt þennan dag.
- Hjartasérfræðingur kynnir þér niðurstöður og frekara eftirlit þegar þú útskrifast.
- Viðtal við hjúkrunarfræðing fyrir útskrift.

Hvenær má byrja að vinna?

Þú ert í veikindaleyfi í viku. Fyrir útskrift færðu endurkomutíma 7-10 dögum eftir aðgerðina á Landspítala við Hringbraut, gangráðseftirliti og þar ákveður hjartasérfræðingur framhaldið.

Að lokum

Við ráðleggjum þér að skrifa niður spurningar sem koma upp í hugann og leita svara við þeim hjá starfsfólki hjartadeildarinnar. Þér er velkomið að hafa samband ef eitthvað kemur upp á eftir að heim er komið; hjá gangráðseftirliti í síma 543-6031 á virkum dögum eða hjartadeild 14G í síma 543-6420

GANGI ÞÉR VEL!

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítalinn er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

LANDSPÍTALI, LYFLÆKNINGASVIÐ I
HJARTAEILD 14G
JÚLÍ 2008

HÖFUNDAR:
SIGRÚN RAGNARSDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR
GIZUR GOTTSKÁLKSSON HJARTASÉRFRÆÐINGUR

ÁBYRGÐARMÆÐUR:
KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR DEILDARSTJÓRI

RÁÐGJÖF OG YFIRLESTUR:
SIGURLAUG MAGNÚSDÓTTIR INNKÖLLUNARSTJÓRI
MARGRÉT VIGFÚSDÓTTIR LÍFEINDAFRÆÐINGUR
FANNEY SIGURÐARDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR
DAVÍÐ O. ARNAR YFIRLÆKNIR

HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC

LJÓSMYND:
JÖRGEN OG SIGRÚN, HORNSTRANDIR 2007